

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er 12.5% af nettósöluandvirði eignarhluta hjónanna í fyrirtækinu Silli & Valdi, reiðufé og skuldabréf. Stofnfé skal haldast óskert. Sjóðinn ber að ávaxta í vísitöluþryggðum ríkisskuldabréfum eða með öðrum jafntryggum hætti.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir af stofnfé og öðru fé, sem sjóðnum kann að áskotnast. Gjafafé skal leggja við stofnfé. Stjórnunarkostnaður greiðist af tekjum sjóðsins.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn tilnefndir af dómsmálaráðuneytinu til 5 ára í senn. Ef þess er kostur, skulu tveir stjórnarmenn vera úr hópi ættingja Helgu og Sigurliða, þannig að ættingjar hvors þeirra eigi fulltrúa í stjórninni, en 3. maðurinn skal vera prófessor í læknisfræði við læknaeild Háskóla Íslands og er hann formaður sjóðs-stjórnar. Verði sjóðurinn án stjórnar eða stjórn hans ekki fullskipuð á einhverjum tíma, tilnefnir dómsmálaráðuneytið nýja stjórnarmenn. Dómsmálaráðuneytið getur vikið stjórnarmanni frá störfum, ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta eða hann telst ekki að mati dómsmálaráðuneytisins verður til að sitja áfram í stjórn sjóðsins

6. gr.

Sjóðsstjórnin semur reikninga sjóðsins árlega. Skal reikningsskilum lokið fyrir 1. júní næsta ár á eftir reikningsári. Reikningarnir skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda. Þeir skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Einfaldur meirihluti ræður ákvörðunum innan sjóðsstjórnarinnar.

Greiða má þóknun til stjórnarmanna og ákveður þá dómsmálaráðuneytið þóknunina með hliðsjón af þeirri vinnu, sem lögð hefur verið fram í stjórnarstarfið.

7. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna. Slíkar breytingar skulu hljóta samþykki dómsmálaráðuneytisins.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

26. júní 1980.

Nr. 507.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Haraldarsjóð, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 26. júní 1980.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Haraldarsjóð.

Ég undirritaður Haraldur Guðnason (3772-9051) frá Eyjólfsstöðum, Vallahreppi, S-Múlasýslu stofna með eftirfarandi skipulagsskrá sjóð til minningar um foreldra mína Vilborgu Kristjánsdóttur og Guðna Björnsson frá Stóra Sandfelli í Skriðdal.

1. Sjóðurinn heitir Haraldarsjóður og skal vera í vörslu Vinnuheimilisins að Reykjalundi.

2. Stofnfé sjóðsins er kr. 1 000 000.00 — ein milljón — og myndar höfuðstól sjóðsins. Höfuðstól má auka með fjárhæðum er síðar kunna að berast. Höfuðstóll með síðari viðbót skal haldast óskertur.
3. Sjóðinn skal ávaxta, ef unnt er, í vísitölutryggðum verðbréfum eða með hæstu leyfilegum vöxtum eftir nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins.
4. Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur og verðbætur er leggjast á höfuðstól. 10% af árlegum nettótekjum sjóðsins skal leggja við höfuðstól.
5. Tilgangur sjóðsins er að stuðla að rannsóknum og meðferð giktarsjúkdóma á eftirfarandi hátt:
 - a) með veitingu rannsóknarstyrkja til lækna eða annarra, sem stjórn sjóðsins metur verðuga samkvæmt rannsóknaráætlun, sem fylgi umsókn um styrkveitingu.
 - b) með styrkveitingu til framhaldsnáms í giktarsjúkdómafræðum eða meðferð gigtsjúkra.
 - c) með fjárveitingu til kaupa á rannsóknarbúnaði, fræðiritum og öðru því, sem stuðlar að aukinni þekkingu og bættri meðferð á gigtarsjúkdómum.
 - d) með fjárveitingu til kaupa á lækningatækjum og búnaði til notkunar við meðferð gigtsjúkra.

Til ráðstöfunar við úthlutun eru nettótekjur sjóðsins á síðastliðnu reikningsári sbr. þó ákv. 4. gr.
6. Umsækjendur um styrki samkvæmt a lið 5. gr. skulu vinna að rannsóknum sínum í tengslum við starfsemi Vinnuheimilisins að Reykjalundi.

Umsækjendur um námsstyrk samkvæmt b-lið 5. gr. skulu vera úr hópi starfsfólks Reykjalundar eða taka ráðningu þar að afloknu námi í a. m. k. 1 ár.

Tæki og annar búnaður, sem fé er veitt til kaupa á samkvæmt c og d lið 5. gr. skal vera eign Vinnuheimilisins að Reykjalundi.
7. Úthlutað skal úr sjóðnum einu sinni á ári þann 1. febrúar. Stjórn sjóðsins ákveður, hvort og hve miklu fé skuli úthlutað hverju sinni innan þeirra marka sem 4. og 5. gr. kveður á um.

Falli úthlutun niður að nokkru eða öllu leyti skal óráðstafað fé leggjast við höfuðstól til hækkunar þeirri fjárhæð, er bundin er.
8. Stjórn sjóðsins skal skipuð eftirtöldum 3 mönnum. Yfirlækni Reykjalundar. sérfræðingi stofnunarinnar í gigtarsjúkdómum og framkvæmdastjóra Reykjalundar. Falli starf yfirlæknis saman við sérfræðingsstöðuna skulu þeir tveir er eftir sitja í stjórninni kveðja til stjórnarsetu einn úr hópi sérfræðinga stofnunarinnar. Stjórnarmenn viki sæti við meðferð og ákvörðun um styrkveitingu er er varðar þá sjálfa.

Stjórnin setur sér nánari starfsreglur.
9. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Vinnuheimilisins að Reykjalundi og þeir síðan sendir til eftirlitsmanns opinberra sjóða.
10. Sjóðsstjórnin getur að 10 árum liðnum frá dagsetningu staðfestingar gert breytingar á skipulagsskrá þessari ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt til þess að sjóðurinn fái gegnt hlutverki sínu í samræmi við óskir stofnanda hans.
11. Leita skal eftir staðfestingu forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og birta í B-deild Stjórnartíðinda.